

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 18. júní 2021.

Mál nr. 189/2020:

Rask ehf.

(Reimar Pétursson lögmaður)

gegn

Seðlabanka Íslands

(Ástríður Gísladóttir lögmaður)

Lykilorð

Stjórnsýsla. Skaðabætur. Gjalddeyrismál. Aðild. Lögvarðir hagsmunir. Sakarefni.

Útdráttur

R ehf. krafði S um skaðabætur á þeim grundvelli að ólögmat og saknæm háttsemi starfsmanna S hefði orðið til þess að R ehf. fékk ekki greiðslur sem hann átti rétt á frá K ehf. vegna nauðasamnings félagsins. Byggði R ehf. á því að hann hefði getað notið betri ávöxtunar af fjármunum sínum þann tíma sem þeir lágu á fjárvörslureikningi og S hafði til athugunar hvort útgreiðslur K ehf. til hans stæðust ákvæði laga nr. 87/1992 um gjalddeyrismál. Með vísan til dóms Hæstaréttar 27. september 2018 í máli nr. 638/2017 byggði Landsréttur á því að R ehf. hefði gerst sekur um brot gegn lögum nr. 87/1992 en rétturinn taldi aftur á móti ekki að greiðslur frá K ehf. til R ehf. hefðu farið í bága við ákvæði laganna. Þá var tekið fram að inntak tilgreindra bréfa sem S sendi K ehf. og eftirfarandi rannsókn á ætluðum brotum félagsins hefði verið þess eðlis að K ehf. hefði hlotið að halda að sér höndum með greiðslur til R ehf. þar til réttaróvissu yrði eytt en því var hafnað að ólögmat og saknæm háttsemi hefði falist í þessum samskiptum og rannsókn S. Ekki var heldur fallist á það með R ehf. að S yrði gerður ábyrgur fyrir þeim tögum sem hlutust eftir niðurfellingu stjórnsýslumáls S gegn K ehf. af þeirri ákvörðun þess síðastnefnda að halda enn eftir greiðslum til R ehf. og leita sérstakrar leiðbeiningar S. Var S sýknaður af krögum R ehf.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Davíð Þór Björgvinsson, Oddný Mjöll Arnardóttir og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 1. apríl 2020. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 2020 í málinu nr. E-130/2019.
- 2 Áfrýjandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 156.396.541 krónu, til vara 74.134.862 krónur en að því frágengnu 52.020.413 krónur, í öllum tilvikum ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr.

38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. október 2016 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og málsástæður aðila

- 4 Áfrýjandi krefst í máli þessu skaðabóta á þeim grundvelli að ólögmat og sagnæm háttsemi starfsmanna stefnda hafi orðið til þess að hann fékk ekki greiðslur sem hann átti rétt á frá Klakka ehf. vegna nauðasamnings félagsins. Tilkall sitt til þeirra greiðslna byggir áfrýjandi á því að hann hafi fengið kröfur samkvæmt nauðasamningnum framseldar frá móðurfélagi sínu, Basway Corp., sem skráð sé á Bresku Jómfrúareyjum, með þremur tegundarákveðnum lánnum sem öll séu til endurgreiðslu 24. júní 2024. Lánssamningarnir eru dagsettir 3. júní 2014, 17. september sama ár og 2. janúar 2015.
- 5 Áfrýjandi krefst af þessu tilefni skaðabóta sem samsvari dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá gjalddaga hverrar greiðslu samkvæmt nauðasamningnum til 4. október 2016, að frádregnum þeim vöxtum sem greiðslurnar báru á fjárvörslureikningi á vegum Klakka ehf. Með sama hætti krefst áfrýjandi til vara vaxta samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2001, en að því frágengnu vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Í stefnu er gerður áskilnaður um frádrátt frá framangreindum kröfum takist áfrýjanda að heimta úr hendi Klakka ehf. í öðru dómsmáli „neikvæðan gengismun“ sem til hafi stofnast á tímabilinu sem greiðslum var haldið frá honum. Fyrir Landsrétti var upplýst að það dómsmál hefði verið felld niður en einnig höfð uppi krafa um bætur að álitum eftir ólögfestum reglum skaðabótaréttar sem áfrýjandi telur rúmast innan kröfugerðar sinnar.
- 6 Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi upplýsti Klakki ehf. stefnda 2. og 3. júlí 2014 um framsal kröfu frá erlendum kröfuhafa til áfrýjanda og að samkvæmt því stæði til að greiða áfrýjanda í samræmi við nauðasamning félagsins. Sams konar tilkynning var einnig send 6. október sama ár. Stefndi brást við síðari tilkynningunni með tölvubréfi 10. október 2014 þar sem Klakka ehf. var bent á að samkvæmt þágildandi 13. gr. b laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál væru fjármagnshreyfingar milli landa óheimilar nema með sérstakri undanþágu frá stefnda og næði bannið meðal annars til fjármagnshreyfinga sem fælust í flutningi framseljanlegra fjármálagerna milli innlendra og erlendra aðila. Var samkvæmt því hvatt til „sérstakrar varkárni“ í þeim tilvikum þar sem kröfuhafaskipti hefðu átt sér stað milli innlendra og erlendra aðila. Samkvæmt gögnum málsins gengu greiðslur að fjárhæð samtals 229.496.688 krónur allt að einu frá Klakka ehf. til áfrýjanda á tímabilinu frá 7. júlí til 25. nóvember 2014.
- 7 Þriðju tilkynningu Klakka ehf. til stefnda 26. janúar 2015, vegna sambærilegs kröfuframsals og fyrirhugaðrar greiðslu, er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi. Hinn 28. sama mánaðar mun starfsmaður stefnda hafa haft samband við forstjóra félagsins símleiðis vegna málsins. Jafnframt sendi stefndi Klakka ehf. tölvubréf þann dag þar

sem áréttað var að samkvæmt 13. gr. b laga nr. 87/1992 væru fjármagnshreyfingar milli landa í innlendum gjaldeyri óheimilar og að slík fjármagnshreyfing fælist í framsali kröfu í íslenskum krónum frá erlendum aðila til innlands. Þá var tekið fram að ákvæði 13. gr. g laga nr. 87/1992, sem veitti undanþágu frá banni 13. gr. b sömu laga við fjármagnshreyfingum milli landa að því tilskildu að um lántökur og lánveitingar milli félaga innan sömu samstæðu væri að ræða, ætti einungis við ef greiðsla færi fram með úttekt af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Af þessu tilefni var ítrekað að stefndi hvetti til varkárni og því lýst að stefndi „kann að taka viðskipti af því tagi sem að ofan er lýst til rannsóknar og vekur á því sérstaka athygli að komi til greiðslna á grundvelli slíkra viðskipta yrði sá þáttur rannsakaður sérstaklega sem og hlutdeild annarra aðila“. Í kjölfar framangreinds tölvubréfs stöðvaði Klakki ehf. frekari greiðslur til áfrýjanda og lagði þær þess í stað inn á fjárvörslureikning á vegum félagsins.

- 8 Með bréfi 27. febrúar 2015 krafði áfrýjandi Klakka ehf. um greiðslu á nauðasamningskröfu sinni án frekari tafa. Í svarbréfi Klakka ehf. 6. mars sama ár upplýsti félagið að í ljósi samskipta þess við stefnda væri „raunverulegur vafi [...] uppi um lögmæti slíkra greiðslna“ auk þess sem fyrir lægi að stefndi hefði tekið framsal krafna Basway Corp. til áfrýjanda til rannsóknar sem hugsanlegt brot á lögum nr. 87/1992. Nánar verður gerð grein fyrir þeirri rannsókn hér á eftir. Í framangreindu bréfi Klakka ehf. greindi einnig að félagið hefði með vísan til 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 óskað eftir afstöðu stefnda til þess hvort greiðslur frá félaginu til áfrýjanda brytu í bága við ákvæði laga nr. 87/1992 og leiðbeiningum þar að lútandi. Með vísan til 5. gr. nauðasamnings Klakka ehf. myndi félagið halda eftir greiðslum þar til vafa um framangreind atriði hefði verið eytt.
- 9 Stefndi svaraði framangreindri beiðni Klakka ehf. um leiðbeiningar, sem dagsett var 5. mars 2015, með bréfi 10. sama mánaðar. Efni bréfsins er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Í því segir meðal annars að „framsal á kröfum samkvæmt nauðasamningi frá erlendum aðila til innlands aðila með láni innan samstæðu gangi gegn ákvæðum laga nr. 87/1992 [...] og að Klakka ehf. sé óheimilt að greiða fjármuni á reikning í eigu innlands aðila sem eignast hefur kröfu með ólögmætum hætti, enda getur innlendir aðili ekki byggt rétt á slíku framsali.“ Jafnframt segir að af þessu leiði „að erlendi aðilinn [sé] enn réttmætur eigandi kröfunnar“. Með bréfi Klakka ehf. til áfrýjanda 14. apríl 2015 var áfrýjanda kynnt framangreint svar stefnda og árétuð fyrri afstaða Klakka ehf. um að halda eftir greiðslum.
- 10 Með bréfi stefnda 13. mars 2015 var Klakka ehf. tilkynnt að tekin hefðu verið til rannsóknar ætluð brot félagsins gegn ákvæðum laga nr. 87/1992 vegna fjármagnshreyfinga milli landa í tengslum við greiðslur samkvæmt nauðasamningi félagsins. Jafnframt var meðal annars óskað gagna um greiðslur til Basway Corp. og áfrýjanda. Upplýsingar ásamt skýringum á afstöðu Klakka ehf. voru veittar með bréfi 14. apríl 2015. Með bréfi stefnda 5. júní sama ár var Klakka ehf. tilkynnt að

niðurstöður rannsóknarinnar væru þær að með greiðslum að fjárhæð samtals 229.496.688 krónur til áfrýjanda hefði Klakki ehf. brotið gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 og gerð grein fyrir því á hverju sú ályktun byggðist. Jafnframt var tilkynnt að í framhaldinu yrði tekin ákvörðun um hvort lögð skyldi stjórnvaldssekt á Klakka ehf., sbr. 2. mgr. 15. gr. a sömu laga, en auk þess var vakin athygli á heimild 15. gr. b í lögum til þess að ljúka máli með sátt. Loks var félaginu veittur tveggja vikna frestur til að koma andmælum sínum á framfæri. Í andmælabréfi Klakka ehf. 6. júlí 2015 kemur fram að félagið telji þá afstöðu stefnda að kröfuframsals sem fari í bága við ákvæði laga nr. 87/1992 sé að vettugi virðandi og að framseljandi teljist því enn eigandi kröfunnar skorti stoð í lögum nr. 87/1992 eða öðrum réttarreglum. Greiðslur Klakka ehf. til áfrýjanda hafi farið fram á grundvelli einkaréttarlega gilds kröfuframsals og ekki falið í sér fjármagnshreyfingar milli landa þar sem þær hafi verið inntar af hendi í íslenskum krónum með millifærslum milli innlendra bankareikninga. Með bréfi stefnda 15. mars 2016 var Klakka ehf. tilkynnt að málið hefði verið fellt niður. Í bréfinu sagði: „Andmæli [félagsins] hafa verið metin trúverðug og sök hefur ekki sannast í málinu.“

- 11 Hinn 30. maí 2016 óskaði Klakki ehf. enn eftir leiðbeiningum stefnda um hvernig fara skyldi með greiðslur til áfrýjanda. Í bréfinu var gerð grein fyrir því að samkvæmt nauðasamningi félagsins væru ekki greiddir út fjármunir til erlendra kröfuhafa, svokallaðra „CBI Lenders“, sem kynnu að vera undirorpnrir íslenskum gjaldeyrisreglum. Þess í stað væru slíkar greiðslur settar til hliðar þar til gjaldeyrishöft féllu á brott, undanþága fengist frá þeim eða kröfuhafinn hætti að vera undirorpinn gildissviði þeirra. Var sérstaklega óskað leiðbeininga um það hvort stefndi teldi áfrýjanda „CBI Lender“ í skilningi nauðasamningsins og hvort greiðslur frá Klakka ehf. til áfrýjanda á grundvelli hans færu í bága við einhver ákvæði laga nr. 87/1992.
- 12 Stefndi svaraði framangreindu erindi Klakka ehf. frá 30. maí 2016 með bréfi 28. september sama ár. Efni þess er að hluta tekið orðrétt upp í hinum áfrýjaða dómi. Var það niðurstaða stefnda að bæði Klakki ehf. og áfrýjandi væru innlendir aðilar í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1992 og að fjármagnshreyfingar á milli þeirra væru því einungis takmarkaðar ef þær færu yfir landamæri. Stæðu lögin því ekki í vegi fyrir útgreiðslum frá Klakka ehf. til áfrýjanda hér á landi, að því gefnu að áfrýjandi ætti rétt til slíkra greiðslna á grundvelli nauðasamnings Klakka ehf., hann væri raunverulegur eigandi kröfunnar og bæri fjárhagslega áhættu af eignarhaldi hennar. Daginn eftir leitaði Klakki ehf. staðfestingar áfrýjanda á því að hann uppfyllti síðastgreind skilyrði og var hún veitt 30. september 2016. Hinn 4. október sama ár greiddi Klakki ehf. útistandandi kröfur áfrýjanda ásamt vöxtum.
- 13 Samhliða framangreindu stjórnslumáli gagnvart Klakka ehf. rak stefndi sjálfstætt stjórnslumál gagnvart áfrýjanda vegna lánsamninganna 3. júní 2014, 17. september sama ár og 2. janúar 2015. Óumdeilt er að stefndi hafði fyrst samband við varastjórnarmann í áfrýjanda vegna þeirra í júlí 2014 og að þá hafi komið fram að

málið kynni að verða tekið til rannsóknar. Með bréfi 2. febrúar 2015 tilkynnti stefndi áfrýjanda að hann hefði ákveðið að taka til rannsóknar ætluð brot félagsins gegn ákvæðum laga nr. 87/1992 vegna framangreinds kröfuframsals og óskaði eftir gögnum. Í svarbréfi áfrýjanda 13. sama mánaðar kom fram sú afstaða félagsins að framsölin væru heimil á grundvelli 1. mgr. 13. gr. g laga nr. 87/1992 þar sem um lán innan samstæðu félaga væri að ræða. Jafnframt voru umbeðin gögn send til stefnda. Með bréfi stefnda 5. mars 2015 var áfrýjanda tilkynnt að niðurstöður rannsóknarinnar væru þær að áfrýjandi hefði brotið gegn ákvæðum 3. töluliðar 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. b og 1. mgr. 13. gr. g laga nr. 87/1992 og gerð grein fyrir því á hverju sú ályktun byggðist. Jafnframt var tilkynnt að í framhaldinu yrði tekin ákvörðun um hvort lögð skyldi stjórnvaldssekt á áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 15. gr. a sömu laga og vakin athygli á heimild 15. gr. b í lögunum til þess að ljúka máli með sátt. Loks var áfrýjanda veittur tveggja vikna frestur til að koma andmælum sínum á framfæri. Í andmælubréfi áfrýjanda 9. apríl 2015 var þeirri lögskýringu sem lá að baki rannsóknarniðurstöðum stefnda mótmælt sem og sektargerð á þeim grundvelli. Meðal gagna málsins er sáttaboð stefnda 14. mars 2016 þar sem sjónarmiðum áfrýjanda um skýringu laga nr. 87/1992 var hafnað með rökstuddum hætti og áréttuð fyrri afstaða stefnda um brot gegn tilteknum ákvæðum laganna. Var áfrýjanda boðið að ljúka málinu með greiðslu 36.000.000 króna sektar að uppfylltu því skilyrði að framsal Basway Corp. til áfrýjanda á þeim nauðasamningskröfum á hendur Klakka ehf. sem enn væru útistandandi gengi til baka. Áfrýjandi hafnaði framangreindu sáttaboði 15. apríl 2016.

14 Framangreindu stjórnarsýslumáli gagnvart áfrýjanda lauk með ákvörðun stefnda 19. ágúst 2016 þar sem áfrýjanda var gerð 75.000.000 króna sekt. Í rökstuðningi fyrir ákvörðuninni kom fram að allar þær fjármagnshreyfingar milli landa sem taldar væru upp í 1. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 væru óheimilar nema um væri að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu, þar með talið lánveitingar samkvæmt 3. tölulið ákvæðisins. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. b væru allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins á milli landa í innlendum gjaldeyri óheimilar nema þær fjármagnshreyfingar, aðrar en vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sem væru sérstaklega undanþegnar í lögunum, og þá að uppfylltu því skilyrði að greiðsla færi fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Ákvæði 1. mgr. 13. gr. g laga nr. 87/1992, sem veiti slíka undanþágu fyrir lántökur og lánveitingar milli félaga innan sömu samstæðu, ætti því aðeins við að uppfylltu framangreindu skilyrði um greiðslu með úttekt af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Sú fjármagnshreyfing sem fólst í kröfuframsalinu samkvæmt lánsamningunum 3. júní 2014, 17. september sama ár og 2. janúar 2015 teldist ekki fullnægja þessu skilyrði og félli ekki undir undanþáguheimild 13. gr. g laga nr. 87/1992. Teldist áfrýjandi því hafa brotið gegn 3. tölulið 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. b og 1. mgr. 13. gr. g laga nr. 87/1992.

15 Áfrýjandi höfðaði mál á hendur stefnda 13. september 2016 til að fá ógilta framangreinda ákvörðun stefnda 19. ágúst sama ár en til vara að fá sektarfjárhæðina

lækkaða. Með dómi Hæstaréttar 27. september 2018 í máli nr. 638/2017 var staðfestur dómur héraðsdóms þar sem ekki var fallist á ógildingu ákvörðunar stefnda en sektin aftur á móti felld niður. Í forsendum héraðsdóms, sem staðfestar voru í Hæstarétti, kemur meðal annars fram að framsetning laga nr. 87/1992 á bannákvæðum og undantekningum frá þeim hafi verið flókin og orðalag ákvæða misvísandi. Þá hefði stefndi ekki tekið skýra afstöðu til lögmætis lánessamninga Basway Corp. og áfrýjanda fyrr en að liðnu meira en hálfu ári eftir að honum varð kunnugt um fyrsta samninginn, eftir að hann hefði látið átölulaust að Klakki ehf. greiddi áfrýjanda ítrekað umtalsverðar fjárhæðir á grundvelli þeirra. Yrðu þau viðbrögð stefnda ekki túlkuð á annan veg en að raunverulegur vafi hefði verið uppi um hvernig túlka hefði átt ákvæði laga með tilliti til samninganna. Í ljósi undanþága laga nr. 87/1992 um fjármagnshreyfingar innan samstæðu milli landa, og þess að stefndi hefði 28. september 2016 að endingu fallist á að Klakki ehf. greiddi áfrýjanda á grundvelli lánessamninganna, hefði stefndi heldur ekki fært fyrir því fullnægjandi rök að brot áfrýjanda á lögnum hefði verið til þess fallið að valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

- 16 Að öðru leyti en að framan greinir vísast um reifun málsatvika og málsástæðna aðila til hins áfrýjaða dóms.

Niðurstaða

- 17 Eins og að framan greinir byggist skaðabótakrafa áfrýjanda á því að hann hefði getað notið betri ávöxtunar af fjármunum sínum þann tíma sem þeir lágu á fjárvörslureikningi og stefndi hafði til athugunar hvort útgreiðslur Klakka ehf. til hans stæðust ákvæði laga nr. 87/1992.
- 18 Af dómi Hæstaréttar 27. september 2018 í máli nr. 638/2017 verður ályktað að áfrýjandi hafi með gerð lánessamninganna, þar sem Basway Corp. framseldi nauðasamningsgreiðslur til hans, gerst sekur um brot gegn ákvæðum laga nr. 87/1992. Aftur á móti verður ekki talið að greiðslur frá Klakka ehf. til áfrýjanda á grundvelli kröfuframsalsins hafi farið í bága við ákvæði laganna, enda bönnuðu þau ekki fjármagnshreyfingar af því tagi auk þess sem ekki hafði verið gripið til lagalegra úrræða til að fá kröfuframsalinu hnekk. Í samræmi við það var afstaða stefnda að lokum sú að hinar umdeildu greiðslur til áfrýjanda samkvæmt nauðasamningi Klakka ehf. væru heimilar. Mál þetta varðar kröfu áfrýjanda um bætur vegna tafa á þeim greiðslum og verður því ekki fallist á það með stefnda að efni séu til að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá athugast að eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi bera gögn málsins með sér að þær kröfur sem eru grundvöllur skaðabótakröfu áfrýjanda hafi tilheyrt honum og að Klakki ehf. hafi greitt honum þær. Breytir uppgjör framangreindra lánessamninga milli áfrýjanda og móðurfélags hans engu í því sambandi. Af þeim sökum verður hvorki fallist á það með stefnda að sýkna beri hann af kröfum áfrýjanda í málinu sökum aðildarskorts til sóknar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, né að

efni séu til að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum vegna þess að áfrýjanda skorti lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni í málinu.

- 19 Um bótaábyrgð hins opinbera vegna tjóns sem hlýst af opinberri sýslan fer eftir sakarreglunni nema á annan veg sé mælt í lögum eða sérstakar ástæður leiði til þess að beitt sé strangari bótaábyrgð. Stefndi hafði samkvæmt lögum nr. 87/1992 heimildir til að hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum og til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota gegn lögnum. Á grundvelli almennra eftirlitsheimilda sinna brást stefndi við þriðju tilkynningu Klakka ehf. um kröfuframsál frá Basway Corp. til áfrýjanda með því að senda tölvubréf 28. janúar 2015 og hvetja til varkárni auk þess sem því var lýst að viðskiptin og greiðslur á grundvelli þeirra kynnu að verða tekin til rannsóknar. Með tilkynningu 2. febrúar 2015 hófst síðan meðferð stjórnarsýslumáls gagnvart áfrýjanda vegna kröfuframsalsins sem leitt gat til töku stjórnvaldsákvörðunar á grundvelli valdheimilda stefnda. Því máli lauk á stjórnarsýslustigi 19. ágúst 2016 með því að áfrýjanda var gerð 75.000.000 króna sekt vegna brota gegn lögum nr. 87/1992. Á grundvelli leiðbeiningarskyldu sinnar samkvæmt 7. gr. stjórnarsýslulaga veitti stefndi Klakka ehf. jafnframt eins og fyrr greinir þá leiðsögn í bréfi sínu 10. mars 2015 að félaginu væri óheimilt að greiða til áfrýjanda á grundvelli kröfuframsalsins. Þá hóf stefndi 13. sama mánaðar rekstur sérstaks stjórnarsýslumáls til rannsóknar á ætluðum brotum Klakka ehf. vegna fyrri greiðslna til áfrýjanda, en það mál var sem fyrr greinir fellt niður 15. mars 2016. Ekki verður fallist á það með áfrýjanda að jafna megi meðferð stjórnarsýslumálsins gagnvart Klakka ehf., eða undanfarandi veitingu upplýsinga á grundvelli almennra eftirlitsheimilda eða leiðbeiningarskyldu stefnda, til þess að fjármunir áfrýjanda hafi verið kyrrsettir. Verður því ekki fallist á það með honum að af þeim sökum skuli leggja bótaskyldu á stefnda eftir hlutlægum mælikvarða þegar í ljós kom sú breytta afstaða hans að Klakka ehf. væru greiðslurnar heimilar. Þá eru aðstæður í máli þessu að öðru leyti ekki með þeim hætti að efni séu til að víkja frá hinni almennu sakarreglu við mat á bótaábyrgð stefnda. Verður málið því dæmt á grundvelli hennar.
- 20 Í máli þessu beitti stefndi ekki heimild sinni samkvæmt 3. mgr. 15. gr. e laga nr. 87/1992 til þess að krefjast kyrrsetningar á eignum áfrýjanda. Að því gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjanda dóms verður staðfest sú niðurstaða hans að hafna öllum málsástæðum áfrýjanda sem byggjast á því að stefndi hafi stöðvað greiðslur án lagaheimildar eða í andstöðu við ákvæði 13., 14. og 20 gr. stjórnarsýslulaga, enda var engin ákvörðun tekin af hálfu stefnda um að fé áfrýjanda skyldi kyrrsett eða greiðslur stöðvaðar. Aftur á móti er fallist á það með áfrýjanda að inntak framangreindra bréfa stefnda til Klakka ehf. 28. janúar og 10. mars 2015, og eftirfarandi rannsókn á ætluðum brotum félagsins, hafi verið þess eðlis að Klakki ehf. hafi hlotið að halda að sér höndum með greiðslur til áfrýjanda þar til réttaróvissu yrði eytt. Kemur þá til skoðunar hvort ólögmat og saknæm háttsemi hafi falist í framangreindum samskiptum og rannsókn stefnda.

- 21 Eins og áður greinir hafði stefndi samkvæmt lögum nr. 87/1992 heimildir til að hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum og til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota gegn lögnum. Fór hann ekki út fyrir þær heimildir sínar með rekstri framangreinds stjórnslumáls eða upplýsingagjöf til Klakka ehf. í aðdraganda þess. Verður málsástæðu áfrýjanda um skort á lagaheimildum því hafnað sem og þeirri málsástæðu að starfsmenn stefnda hafi sniðgengið lagaákvæði um kyrrsetningu fjármuna.
- 22 Áfrýjandi hefur einnig vísað til þess að framangreindar athafnir starfsmanna stefnda hafi ranglega orðið til þess að greiðslur voru ekki inntar af hendi til hans á réttum tíma. Þá hafi útgreiðsla þeirra tafist óhæfilega þar sem stefndi hafi ekki „viðurkennt villur síns vegar“ hvað varðar áður ætlað ólögmæti greiðslna til áfrýjanda fyrir en með bréfi 28. september 2016.
- 23 Í bréfi stefnda til Klakka ehf. 28. janúar 2015 kemur með skýrum hætti fram að stefndi taldi undanþáguákvæði 13. gr. g laga nr. 87/1992 ekki eiga við um lánessamninga af því tagi sem Basway Corp. og áfrýjandi gerðu sín á milli. Í bréfi stefnda 10. mars sama ár var fyrri afstaða áréttuð auk þess sem þar sagði beinlínis að félaginu væri „óheimilt“ að greiða fjármuni inn á reikning aðila sem væru í sömu stöðu og áfrýjandi, enda væri það kröfuframsaf frá erlendum aðila til innlends aðila sem til grundvallar lægi ólögmætt samkvæmt lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Fyrir liggur einnig að ætluð brot áfrýjanda og Klakka ehf. gegn ákvæðum laga nr. 87/1992 voru formlega tekin til rannsóknar 2. febrúar og 13. mars 2015. Í bréfi stefnda 28. september 2016 kemur aftur á móti fram sú breytta afstaða að þótt kröfuframsalið sé eftir sem áður talið ólögmætt standi lög nr. 87/1992 ekki í vegi fyrir greiðslum frá Klakka ehf. til áfrýjanda, sé hann raunverulegur eigandi kröfunnar, enda fari fjármagnshreyfingar af því tilefni ekki yfir landamæri. Samkvæmt 15. gr. i laga nr. 87/1992, sem kom inn í lögin með lögum nr. 60/2015, hefur stefndi heimild til að krefjast þess að látið verði af háttsemi sem hann telur í andstöðu við ákvæði laganna og til að krefjast úrbóta eða leiðréttinga. Í skýringum með frumvarpi til þeirra laga kemur fram að brot gegn lögum um gjaldeyrismál kunni að vera veruleg ógn við þá hagsmuni sem þeim er ætlað að vernda og sé því brýnt að Seðlabanki Íslands geti brugðist við þeim með viðeigandi hætti. Valdheimildir af þessu tagi séu taldar réttlætanlegar í ljósi þess samfélagslega kostnaðar sem stafað geti af brotum einstakra aðila gegn fjármagnshöftunum. Stefndi byggir aftur á móti á því í málinu að ekki hefði komið til greina að beita þessu lagaákvæði um kröfuframsalið sem fólst í lánessamningunum frá Basway Corp. til áfrýjanda þar sem ákvæðið hefði ekki komið inn í lögin fyrir en eftir að mál áfrýjanda hafði verið tekið til rannsóknar hjá stefnda. Að öllu framangreindu gættu er ljóst að afstaða stefnda til túlkunar laga nr. 87/1992 og valdheimilda sinna á grundvelli þeirra breyttist undir meðferð stjórnslumálsins sem rekið var gagnvart Klakka ehf.
- 24 Í dómaframkvæmd hefur verið við það miðað að þótt sú lagatúlkun sem stjórnvald byggir á við meðferð máls reynist ekki rétt leiði það ekki sjálfkrafa til þess að athafnir þess á þeim grundvelli teljist ólögmætar og saknæmar þannig að bótaskyldu varði,

sbr. dóma Hæstaréttar 4. maí 2016 í máli nr. 585/2015 og 19. október 2017 í máli nr. 684/2016. Verður þess í stað að meta með sjálfstæðum hætti hvort um réttarbrot hafi verið að ræða. Eins og greinir í dómi Hæstaréttar 27. september 2018 í máli nr. 638/2017 er ljóst að framsetning laga nr. 87/1992 á bannákvæðum og undantekningum frá þeim var flókin og orðalag ákvæða misvísandi þannig að raunverulegur vafi var uppi um réttarstöðu Klakka ehf. og áfrýjanda þegar stefndi hóf afskipti af lánsamningunum og kröfuframsalinu frá Basway Corp. til áfrýjanda. Í ljósi þess hve ógegnsæ framangreind lagaákvæði voru verður að ætla stefnda ákveðið svigrúm til að móta túlkun sína og framkvæmd á grundvelli laganna, þar með talið hvernig bregðast skyldi við brotum eins og þeim sem áfrýjandi gerðist sekur um. Þá er þess að gæta að upphafleg túlkun stefnda var í samræmi við þann tilgang til verndar almannahagsmunum sem fjármagnshöftum samkvæmt lögum nr. 87/1992 var ætlað að ná og miðaði að því að koma í veg fyrir sniðgöngu við reglur laganna. Loks verður ekki fram hjá því litið að stjórnslumálinu gagnvart Klakka ehf. var lokið með hætti sem var áfrýjanda í vil. Með vísan til framangreinds verður ekki talið hafa falist réttarbrot í því að stefndi hafi lagt upp með víðtækari skilning á lögum nr. 87/1992 og valdheimildum sínum en raunin varð eftir að fallist hafði verið á andmæli Klakka ehf.

- 25 Meðferð stjórnslumálsins gagnvart Klakka ehf. lauk sem fyrr greinir með niðurfellingu 15. mars 2016, eða ári eftir upphaf þess og tæpum 14 mánuðum eftir að stefndi hvatti fyrst til varúðar og kynnti að útgreiðslur kynnu að verða teknar til rannsóknar. Eins og rakið er nánar í efnisgrein 10 hér að framan var málið rekið með töluverðum hraða í upphafi en síðan liðu um átta mánuðir frá því að andmæli Klakka ehf. bárust þar til málið var fellt niður. Jafnframt verður af gögnum málsins ráðið að stefndi hafi um svipað leyti í samskiptum við áfrýjanda vísað til mikilla anna við afgreiðslu mála. Í ljósi atvika málsins og eðlis þeirra álitaefna sem uppi voru verður áfrýjandi ekki talinn hafa sýnt fram á að framangreindur málsmeðferðartími sé svo úr hófi að um sé að ræða réttarbrot sem varðað geti stefnda skaðabótaskyldu. Í niðurfellingu málsins fólst jafnframt skýr yfirlýsing stefnda um að sú sök teldist ekki sönnuð að með greiðslum að fjárhæð samtals 229.496.688 krónur til áfrýjanda hefði Klakki ehf. brotið gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992. Verður stefndi því ekki gerður ábyrgur fyrir þeim tögum sem eftir þann tíma hlutust af þeirri ákvörðun Klakka ehf. að halda enn eftir greiðslum til áfrýjanda og leita sérstakrar leiðbeiningar stefnda um það hvort greiðslur frá félaginu til áfrýjanda á grundvelli nauðasamningsins færu í bága við einhver ákvæði laga nr. 87/1992.
- 26 Af því sem rakið er í efnisgrein 10 hér að framan um málsmeðferð stefnda í málinu er varðaði Klakka ehf. verður ekki ráðið að skort hafi á að málsmeðferðarreglum stjórnslulaga hafi verið fylgt. Áfrýjandi var ekki aðili að því stjórnslumáli og byggir ekki á því í máli þessu að veita hefði átt honum aðild að því. Allt að einu byggir hann á því að það auki á saknæmi af hálfu stefnda að réttaröryggisreglna stjórnsluréttar hafi ekki verið gætt þar sem áfrýjandi hafi ekki átt aðkomu að samskiptum stefnda við Klakka ehf. um útgreiðslur og því ekki getað komið að

andmælum sínum. Áfrýjandi hefur ekki fært að því fullnægjandi rök að á stefnda hvíli þær skyldur sem þessi málsástæða hans byggist á. Þá hefur hér að framan verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé fallist á aðrar málsástæður áfrýjanda um ólögmeta og saknæma háttsemi af hálfu starfsmanna stefnda.

- 27 Að öllu framangreindu virtu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þar með talið ákvæði hans um málskostnað.
- 28 Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 2020

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar 2020, höfðaði Rask ehf., Fiskislóð 31, Reykjavík, hinn 27. desember 2018, á hendur Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega að stefndi greiði honum 156.396.541 krónu, til vara 74.134.862 krónur, og til þrautavara 52.020.413 krónur, í öllum tilvikum auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. október 2016 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, en til vara þess að stefnukröfur verði lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar.

Aðalmeðferð máls þessa fór fram samhliða aðalmeðferð í máli nr. E-132/2019, sem 1924 ehf. höfðaði gegn stefnda vegna sambærilegra málsatvika.

I

Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Mál þetta á rót að rekja til afskipta sem stefndi hóf af greiðslum Klakka ehf. (áður Exista ehf., hér eftir „Klakki“) til stefnanda á grundvelli nauðasamnings Klakka sem staðfestur var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 2010.

Eins og kunnugt er voru fjármagnshöft innleidd hér á landi í kjölfar efnahagshruns í nóvember 2008. Með ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 134/2008, sem breyttu lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, fékk stefndi heimild til að setja reglur, sem m.a. takmörkuðu eða stöðvuðu tímabundið nánar tilgreinda flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengdust til og frá landinu. Með lögum nr. 127/2011 voru reglur um gjaldeyrismál, sem stefndi hafði fram til þessa sett á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða, lögfest samhliða því að áætlun um losun gjaldeyrishafta var kynnt.

Stefndi fer með framkvæmd og eftirlit samkvæmt lögum nr. 87/1992 og hefur m.a. heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota gegn 13. gr. a – 13. gr. n í lögnum um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Með lögum nr. 17/2012, um breytingu á lögum nr. 87/1992, var felld úr gildi undanþága sem hafði verið í gildi þess efnis að fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi væru undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b í lögnum. Lagabreytingin hafði í för með sér takmarkanir á greiðslum Klakka ehf. til erlendra kröfuhafa samkvæmt ákvæðum nauðasamnings félagsins. Voru greiðslur til erlendra kröfuhafa

Því eftir lagabreytinguna millifærðar á reikning í vörslu Klakka, í samræmi við ákvæði nauðasamningsins, þar sem ráð hafði verið gert fyrir því að til slíkrar lagabreytingar gæti komið.

Stefndi bendir á að við þessar aðstæður hafi aðþrengdir erlendir kröfuhafar Klakka verið reiðubúnir til að selja kröfur sínar á verulegum afslætti og þannig hafi skapast umtalsverð hagnaðarvon.

Stefnandi er dótturfélag erlenda félagsins Basway Corp. („móðurfélagið“ eða „Basway“) sem skráð er á Bresku Jómfrúaejnum (Tortóla). Basway keypti allt hlutfé í stefnanda 30. janúar 2014 og hafði þá til þess dags engin starfsemi verið í félaginu. Fyrir liggur að Basway keypti kröfur á hendur Klakka af erlendum kröfuhöfum á tímabilinu frá október 2013 til ársloka 2014.

Með þremur lánasamningum, 3. júní 2014, 17. september 2014 og 2. janúar 2015, lánaði Basway stefnanda réttindi í Klakka, þ.e. kröfur að nafnvirði 4.730.585.141 króna, hlutfé að nafnvirði 645.503.629 krónur og áunna vörslufjárinneign að fjárhæð 651.205.325 krónur. Aðeins þriðja lánið tók til áunnu vörslufjárinneignarinnar. Framsal krafanna staðfesti sérstakur umboðsmaður af hálfu Klakka 18. júní 2014, 2. október 2014 og 20. janúar 2015. Lánin eru tegundarákveðin og öll til endurgreiðslu 1. júní 2024. Lýsir stefnandi því svo að hann eigi í lok lánstímans að skila sömu réttindum til Basway, að sama nafnvirði, en þó þannig að ekki sé gerður greinarmunur á réttindum á hendur Klakka eftir flokkum. Stefnandi muni því þurfa, eftir því sem nafnverð krafna hans lækkar við endurgreiðslur Klakka, að kaupa á markaði réttindi í Klakka til að standa skil á láninu. Endanlegur kostnaður stefnanda af láninu sé því óviss.

Með tölvubréfi 2. júlí 2014 upplýsti Klakki stefnda um fyrirhugaða greiðslu til íslensks framsalshafa í kjölfar kröfuhafaskipta að nauðasamningskröfum frá erlendum kröfuhöfum. Stefndi kallaði þegar eftir upplýsingum frá Klakka og fékk 3. s.m. það svar að um stefnanda væri að ræða og afrit af tilkynningu um kröfuhafaskiptin. Boðuð greiðsla til stefnanda mun hafa farið fram 7. s.m.

Með tölvubréfi 6. október sama ár upplýsti Klakki stefnda um að á ný hefði borist tilkynning um kröfuhafaskipti þar sem íslenskur lögaðili væri framsalshafi og væri um að ræða framsal milli sömu aðila og fyrr, þ.e. Basway og stefnanda. Fyrirhugað væri að inna af hendi greiðslu til hins innlenda framsalshafa, sem óheimilt hefði verið að inna af hendi til fyrri eiganda.

Með tölvubréfi til Klakka 10. s.m. benti starfsmaður stefnda á að takmarkanir skv. 13. gr. b í lögum nr. 87/1992 tækju til flutnings þeirra fjármálagerna sem kröfuhafar í Klakka hefðu fengið afhenta í kjölfar nauðasamnings félagsins og „því ljóst að án sérstakrar undanþágu frá Seðlabankanum eru flutningar á þeim milli innlendra og erlendra aðila óheimilir“. Tekið var fram að bankinn hvetti til „sérstakrar varkárni“ í þeim tilvikum þar sem kröfuhafaskipti hefðu átt sér stað milli innlendra og erlendra aðila, þar sem slíkar fjármagnshreyfingar á milli landa væru „óheimilar án sérstakrar undanþágu frá lögum um gjaldeyrimál“. Því bréfi svaraði forstjóri Klakka 13. s.m. þar sem m.a. kom fram að Klakki teldi sér skylt að greiða út fjármuni til innlendra framsalshafa ef tilkall til frestaðra nauðasamningsgreiðslna vegna fjármagnshafta hefði færst frá erlendum aðila til innlends sökum aðilaskipta að kröfu. Boðuð greiðsla til stefnanda mun hafa farið fram 14. s.m.

Með tölvubréfi 26. janúar 2015 tilkynnti Klakki enn á ný um fyrirhugaða greiðslu, nú til stefnanda annars vegar og P153 ehf. (nú 1924 ehf.) hins vegar, í tilefni kröfuhafaskipta að nauðasamningskröfum. Var tekið fram að þar sem framsalshafar væru innlendir lögaðilar bæri Klakka, samkvæmt nauðasamningi félagsins, að inna af hendi greiðslu sem óheimilt hefði verið að inna af hendi til fyrri, erlendra, eigenda. Með tölvubréfinu fylgdi greinargerð stefnanda til Klakka til útskýringar lögskiptum milli framseljanda og framsalshafa.

Samkvæmt gögnum málsins átti starfsmaður stefnda símtal við forstjóra Klakka þann 28. janúar 2015 og fylgdi því eftir með tölvubréfi síðar sama dag, þar sem tekið var fram að stefndi hefði áður bent á að fjármagnshreyfingar milli landa í innlendum gjaldeyri væru óheimilar samkvæmt 13. gr. b í lögum nr. 87/1992 og að í framsali kröfu í íslenskum krónum frá erlendum aðila til innlends aðila fælist fjármagnshreyfing á milli landa í innlendum gjaldeyri. Lántökur og lánveitingar í innlendum gjaldeyri milli innlends og erlends aðila innan samstæðu væru einnig takmarkaðar af banni sama lagaákvæðis. Í 13. gr. g í lögnum fælust tilteknar takmarkaðar undanþágur frá þessu banni, en bent var á athugasemd að baki því ákvæði úr greinargerð með frumvarpi er varð að lögum nr. 127/2011 um breytingu á lögum nr. 87/1992. Var ítrekað að bankinn hvetti til „sérstakrar varkárni“ í þessum efnun. Þá var tekið fram að bankinn kynni

að taka viðskipti af því tagi sem lýst var til rannsóknar, þar á meðal þátt er varðaði greiðslur á grundvelli slíkra viðskipta og hlutdeild annarra aðila.

Í framhaldi þessa ákvað Klakki að inna ekki fyrirhugaða greiðslu af hendi til stefnanda og P153 ehf.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 2015, var stefnanda tilkynnt að stefndi hefði ákveðið að taka til rannsóknar ætluð brot félagsins gegn ákvæðum laga um gjaldeyrismál vegna framsals krafna Basway til stefnanda á nauðasamningskröfum á hendur Klakka. Var óskað upplýsinga og gagna frá stefnanda, sem veitt voru með bréfi lögmanns stefnanda 13. s.m.

Með bréfi, dags. 5. mars 2015, var lögmanni stefnanda tilkynnt um niðurstöður rannsóknar stefnda og leiðbeint um andmælarétt. Var niðurstaða stefnda sú að stefnandi hefði brotið gegn 13. gr. b og 13. gr. g í lögum nr. 87/1992, með því að fá framseldar nauðasamningskröfur frá Basway. Til stæði að ákveða hvort lögð skyldi á stjórnvaldssekt vegna háttseminnar. Bent var á heimild stefnda til þess að ljúka máli með sátt.

Degi síðar, 6. mars 2015, tilkynnti Klakki stefnanda bréflega að félagið hefði sent stefnda beiðni um leiðbeiningar á grundvelli 7. gr. stjórnarsýslulaga, og óskað afstöðu bankans til þess hvort greiðslur frá Klakka í samræmi við kröfur stefnanda færu í bága við ákvæði laga um gjaldeyrismál. Á meðan afstaða bankans lægi ekki fyrir liti Klakki svo á að raunverulegur vafi væri uppi um lögmæti greiðslu á kröfu stefnanda og að Klakka væri heimilt, með vísan til 5. gr. nauðasamningsins, sbr. og gr. 13.1 og 13.2, að halda eftir greiðslu þar til þeim vafa hefði verið eytt.

Með bréfi stefnda til Klakka, dags. 10. mars 2015, svaraði stefndi framangreindri beiðni Klakka, dags. 5. mars s.á., um afstöðu og leiðbeiningar. Í bréfinu var ítarlega fjallað um túlkun stefnda á ákvæðum 13. gr. b og 13. gr. g í lögum nr. 87/1991. Þá sagði þar m.a.:

„Aðilaskipti á kröfum samkvæmt nauðasamningi þar sem framseljandi er erlendur aðili og framsalshafi er innlendur aðili eru háð takmörkunum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, líkt og áður segir. Hafi erlendur kröfuhafi Klakka ehf. framselt kröfu samkvæmt nauðasamningi til innlends aðila, í formi tegundarákveðins láns, er ljóst að slík ráðstöfun brýtur í bága við 13. gr. b. og 13. gr. g. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Þannig getur innlendur aðili ekki leitt rétt sinn til greiðslu af slíku kröfuframsali þar sem hann hefur ekki eignast lögmæta kröfu á hendur Klakka ehf. Af framangreindu leiðir að erlendi aðilinn er enn réttmætur eigandi kröfunnar og telst félagið í raun vera að standa skil á endurgreiðslu krafna hins erlenda kröfuhafa. Slíkar greiðslur fela í sér fjármagnshreyfingar á milli landa sem takmarkaðar eru samkvæmt 13. gr. b. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.“

Þá sagði m.a. í niðurlagi bréfsins:

„Að öllu framangreindu virtu er ljóst að afstaða Seðlabankans til framangreindra fyrirspurna yðar f.h. Klakka ehf., er sú að framsal á kröfum samkvæmt nauðasamningi frá erlendum aðila til innlends aðila með láni innan samstæðu gangi gegn ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og að Klakka ehf. sé óheimilt að greiða fjármuni á reikning í eigu innlends aðila sem eignast hefur kröfu með ólögmetum hætti, enda getur innlendur aðili ekki byggt rétt á slíku framsali. Af því leiðir að erlendi aðilinn er enn réttmætur eigandi kröfunnar. Af framangreindu tilefni áréttar Seðlabankinn að útgreiðslur til erlendra kröfuhafa í innlendum gjaldeyri eru takmarkaðar af ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.“

Með bréfi stefnda, dags. 13. mars 2015, var Klakka tilkynnt um upphaf rannsóknar stefnda á máli þar sem til skoðunar væru ætluð brot Klakka gegn lögum um gjaldeyrismál vegna útgreiðslna félagsins í tengslum við nauðasamning Klakka. Með bréfi 5. júní s.á. var félaginu tilkynnt um niðurstöður rannsóknar og leiðbeint um andmælarétt. Andmælabréf Klakka er dagsett 6. júlí 2015. Með bréfi, dags. 15. mars 2016, tilkynnti stefndi Klakka að málið hefði verið fellt niður, að teknu tilliti til andmælanna.

Stefnandi sendi stefnda andmælabréf, dags. 9. apríl 2015. Þá krafðist hann undir rekstri stjórnarsýslumálsins hjá stefnda úrskurða úrskurðarnefndar um upplýsingamál, auk þess sem hann leitaði til umboðsmanns Alþingis með kvörtun. Ekki er þörf á að rekja þau atvik og gang stjórnarsýslumálsins frekar en hér er gert, en þau atvik eru ítarlega rakin í dómi Hæstaréttar Íslands sem vikið er að hér rétt á eftir. Stefndi bauð stefnanda sátt um sektargreiðslu 14. mars 2016, en það sáttarboð var bundið skilyrði um að framsal Basway á nauðasamningskröfum til stefnanda yrði „leiðrétt“, að undanskildum þeim kröfum sem

lágu til grundvallar greiðslum sem þegar hefðu farið fram, og að Basway yrði formlega gerður eigandi þeirra krafna. Því sáttaboði var ekki tekið og lyktaði stjórnarsýslumálinu með stjórnvaldsákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar 19. ágúst 2016.

Stefnandi greiddi álagða sekt, með fyrirvara. Hann höfðaði svo mál til ógildingar á framangreindri ákvörðun stefnda um álagningu stjórnvaldssektar, en til vara stórkostlegrar lækkunar hennar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júlí 2017, sem staðfestur var með vísan til forsendna með dómi Hæstaréttar Íslands frá 27. september 2018 í máli nr. 638/2017, var stjórnvaldssekt sú sem stefndi hafði gert stefnanda 19. ágúst 2016 felld niður að öllu leyti, þótt ekki væri orðið við kröfu stefnanda um ógildingu stjórnvaldsákvörðunar stefnda.

Klakki óskaði með bréfi, dags. 30. maí 2016, á ný eftir leiðbeiningum stefnda, með vísan til 7. gr. stjórnarsýslulaga. Var þar m.a. spurt hvort stefndi teldi stefnanda og P153 ehf. vera „CBI lender“ í skilningi nauðasamnings félagsins og hvort geymdar greiðslur Klakka til stefnanda og P153 ehf. á grundvelli nauðasamningsins færu í bága við einhver ákvæði laga um gjaldeyrismál.

Með bréfi til Klakka, 11. ágúst 2016, fór stefnandi fram á að Klakki endurskoðaði þegar í stað afstöðu sína og innti umræddar nauðasamningsgreiðslur af hendi, en boðaði ella málshöfðun. Var þar vísað til nýlegs bréfs stefnda, dags. 15. júní s.á., þar sem fram kæmi að stefnandi teldist innlendur aðili og jafnframt eigandi umræddra nauðasamningskrafna samkvæmt framsali frá móðurfélagi sínu. Þeirri beiðni var hafnað með bréfi Klakka, dags. 22. s.m., og vísað til þess að sú afstaða stefnda virtist óhöggð að stefnandi hefði eignast kröfu með hætti sem færi í blóra við lög um gjaldeyrismál og að Klakka væri óheimilt að greiða út fjármuni á grundvelli slíkrar kröfu. Tekið var fram að beiðni félagsins um leiðbeiningar stefnda samkvæmt 7. gr. stjórnarsýslulaga hefði ekki enn verið svarað.

Bréfi Klakka frá 30. maí 2016 svaraði stefndi með bréfi, dags. 28. september 2016. Í niðurlagi bréfsins segir:

„Fyrir liggur að félögin Rask ehf. og P153 ehf. fengu nauðasamningskröfur sínar á hendur Klakka ehf. framseldar frá erlendum aðilum í skilningi laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Eins og að framan greinir hefur Seðlabanki Íslands haft til rannsóknar mál sem tengist kröfum þeirra á hendur Klakka ehf. en þeim málum hefur nú verið lokið af hálfu Seðlabankans.

Líkt og fyrr segir eru fjármagnshreyfingar á milli landa takmarkaðar af ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismáls. Umbjóðandi yðar, Klakki ehf., og kröfuhafar félagsins, Rask ehf. og P153 ehf., eru innlendir aðilar skv. 1. mgr. 1. gr. sömu laga, og eru því fjármagnshreyfingar á milli þeirra einungis takmarkaðar ef þær fara yfir landamæri, þ.e. til eða frá Íslandi. Af framansögðu er ljóst að takmarkanir laganna á fjármagnshreyfingum á milli landa standa ekki í vegi fyrir útgreiðslum frá Klakka ehf., vegna nauðasamnings félagsins, að því marki sem félögin eigi rétt til slíkra greiðslna á grundvelli nauðasamningsins, þau séu raunverulegir eigendur krafanna og beri fjárhagslega áhættu af eignarhaldi þeirra, fari fjármagnshreyfingin ekki yfir landamæri.“

Með bréfi degi síðar, 29. september 2016, óskaði Klakki staðfestingar stefnanda á því að hann væri raunverulegur eigandi kröfunnar og bæri fjárhagslega áhættu af eignarhaldi hennar, en væri svo teldi Klakki fullnægjandi staðfestingu liggja fyrir á því að stefnandi ætti tilkall til greiðslu í samræmi við ákvæði nauðasamningsins. Tekið var fram að fjárhæð kröfunnar næmi alls 892.355.834 krónum og að auki ætti stefnandi tilkall til hlutdeildar í ávöxtun geymdra greiðslna í samræmi við ákvæði nauðasamningsins að fjárhæð 68.201.128 krónur. Samtals næmi þetta 960.556.962 krónum. Var áréttað að stefnandi ætti ekki tilkall til frekari vaxta en þeirra sem leiddu af nauðasamningnum. Í kjölfar staðfestingar stefnanda á framangreindum skilyrðum fóru greiðslur til hans, samtals að framangreindri fjárhæð, fram 4. október 2016, að stærstum hluta í íslenskum krónum, en að hluta til í erlendum myntum.

Til viðbótar skal þess getið að stefnandi höfðaði mál á hendur Klakka 13. september 2016 til innheimtu kröfunnar sem þá var enn ógreidd og var Seðlabanka Íslands stefnt til réttargæslu. Því máli lauk með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 2017 í máli nr. E-2874/2016, þar sem Klakki var sýknaður af aðalkröfu stefnanda. Taldi dómurinn aðstæðum stefnda verða jafnað til þess að honum hefði verið ómögulegt að efna skyldu sína gagnvart stefnanda vegna ytri óviðráðanlegra atvika og að efndaskylda hans hefði ekki orðið virk fyrir en breytt afstaða réttargæslustefnda lá fyrir, sbr. bréf hans 28. september 2016.

Ætti stefnandi því ekki rétt til dráttarvaxta. Varakröfu sem stefnandi setti fram undir rekstri málsins var vísað sjálfkrafa frá dómi, þar sem hún var talin raska grundvelli málsins. Í dómi héraðsdóms kemur m.a. fram að varakrafan byggðist á því að greiðslan 4. október 2016 hefði ekki falið í sér fullar efndir kröfu hans þar sem stefnda hefði borið að ávaxta kröfu stefnanda í íslenskum krónum í stað fleiri mynta og ætti þar af leiðandi að standa stefnanda skil á svokölluðum neikvæðum gengismun.

Stefnandi beindi skaðabótakröfu að að stefnda með bréfi, dags. 15. nóvember 2018, vegna þess tjóns sem hann hefði orðið fyrir vegna þess að greiðslur Klakka drógust. Krafist var bóta að fjárhæð 156.396.541 króna, sem samsvarar aðalkröfu stefnanda í þessu máli, auk dráttarvaxta. Sama dag beindi stefnandi kröfu að Klakka að fjárhæð 33.127.172 krónur, auk dráttarvaxta, og tekið var fram að um væri að ræða sömu kröfu og sett hefði verið fram sem varakrafa undir rekstri máls nr. E-2874/2016 og vísað var sjálfkrafa frá dómi. Bæði stefndi og Klakki höfnuðu þeim kröfum sem að þeim var beint með bréfum, dags. 5. og 17. desember 2018.

Höfðaði stefnandi þá mál þetta, en jafnframt mál á hendur Klakka. Málið á hendur Klakka var fellt niður að ósk stefnanda í maí 2019. Fyrir liggur yfirlýsing fyrirvarsmanns stefnanda um að krafa sú sem gerð var í því máli hafi ekki fengist greidd, hvorki frá Klakka né nokkru öðru félagi.

Við aðalmeðferð málsins gaf fyrirvarsmaður stefnanda, Sigurður Valtýsson, aðilaskýrslu. Staðfesti hann meðal annars að hann væri eigandi Basway, skráðs eiganda stefnanda. Þá kom fram að stefnandi hefði selt nauðasamningskröfur sínar á hendur Klakka en söluverðið væri trúnaðarmál samkvæmt samningi við kaupanda. Uppgjör lánsamninga við móðurfélag stefnanda hafi enn ekki farið fram og því sé enn óvíst um fjárhagslega niðurstöðu af þeim viðskiptum.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi kveðst eiga fjárréttindi á hendur Klakka og eiga rétt til greiðslna samkvæmt þeim í krónum. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi í upphafi árs 2015 gefið Klakka ólögmat fyrir mæli um að stöðva greiðslur til stefnanda, án þess að tilkynna það stefnanda. Af þeirri ástæðu hafi Klakki engar greiðslur innt af hendi til stefnanda, heldur lagt þær á sérstakan vörslufjárreikning. Þar hafi að ósekju hlaðist upp háar fjárhæðir sem borið hafi alls óviðunandi ávöxtun. Þetta ástand hafi staðið yfir til loka september 2016, er stefndi hafi loks viðurkennt ólögmati fyrri fyrir mæla. Þá fyrst hafi Klakka verið unnt að greiða stefnanda vörsluféð ásamt vöxtum og það hafi Klakki gert þann 4. október 2016.

Stefnandi byggir á því að Seðlabanki Íslands beri skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni sem af þessu hafi hlotist fyrir stefnanda. Til frádráttar kröfum stefnanda komi sú ávöxtun sem vörsluféð hafi borið á meðan.

Skaðabótaskylda

Nánar byggir stefnandi á því að stefndi hafi valdið honum tjóni með saknæmum og ólögmetum hætti þegar hann stöðvaði greiðslur Klakka til stefnanda. Framsöl krafna til stefnanda hafi verið einkaréttarlega gild, það sé viðurkennt af stefnda.

Stefndi hafi hvorki haft lagaheimild til að lýsa yfir ógildi slíkra framsala né til að stöðva greiðslur til framsalshafa samkvæmt skuldaskjölum. Stefnandi hafi verið réttmætur eigandi fjárréttinda á hendur Klakka og hafi, eins og allir aðrir innlendir kröfuhafar Klakka, átt að fá greiðslur frá Klakka á réttum tíma.

Stefndi hafi stöðvað þessar greiðslur um langt skeið en að endingu viðurkennt að hafa farið villur vegar með bréfi, dags. 28. sept. 2016. Í kjölfarið, eða 4. október 2016, hafi Klakki greitt stefnanda 960.556.962 krónur. Inni í þeirri fjárhæð hafi verið vextir sem bættust við vörsluféð frá 1. apríl 2015 að fjárhæð 10.950.765 krónur. Sú ávöxtun sé afleit og langt frá því að svara til þeirra vaxta sem stefnandi hefði þurft að njóta til að fyrirbyggja tjón vegna greiðsludráttarins. Skýrist þetta m.a. af því að í febrúar 2016 virðist Klakki hafa skipt hluta fjármuna stefnanda, sem stefndi hafði stöðvað greiðslu á, í erlendar myntir. Vegna styrkingar krónunnar frá þeim tíma til greiðsludags hafi því myndast svokallaður „neikvæður gengismunur“ að fjárhæð 33.127.172 krónur sem dregið hafi enn frekar niður þegar óásættanlega ávöxtun. Þessi „neikvæði gengismunur“ hefði aldrei getað átt sér stað nema fyrir stöðvun stefnda á greiðslum. Þá hefði hann aldrei átt sér stað nema fyrir óheyrilega tafir sem urðu á meðferð

stjórnsýslumálsins hjá stefnda, en með bréfi 5. mars 2015 hafi bankinn lýst því yfir að hann hefði „lokið rannsókn“ málsins. Frá þeim tíma hafi því enginn vafi getað leikið á atvikum auk þess sem ekkert hafi réttlætt að ákvörðun í málinu væri dregin eða greiðslur stöðvaðar.

Þeirri viðleitni stefnda, og beinum fyrirmælum um, að stöðva greiðslur Klakka til stefnanda megi jafna til kyrrsetningar fjármuna stefnanda í krafti opinbers valds. Engin lagaheimild hafi þó staðið til þessa. Ítrekar stefnandi að stefndi hafi viðurkennt að stefnandi hafi verið kominn að fjárréttindum sínum með einkaréttarlega gildu framsali. Málið sé síðan enn alvarlegra fyrir þá sök að stefndi hafi aldrei tilkynnt stefnanda að bankinn hefði í hyggju að ákveða að stöðva greiðslurnar, eins og skylt hefði verið skv. 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Stefnandi hafi því ekki notið andmælaréttar, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga, og ákvörðunin hafi ekki einu sinni verið tilkynnt honum, sbr. 20. gr. laganna. Réttaröryggisreglur stjórnsýslulaga hafi því verið að engu hafðar og réttaröryggi stefnanda skert mjög verulega. Auki þetta mjög á saknæmi þessara ráðstafana stefnda.

Réttarkerfið bjóði upp á leiðir til kyrrsetningar fjármuna. Þau úrræði byggist á því sjónarmiði að slík skerðing stjórnarskrárvarins eignarréttar, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, geti því aðeins farið fram að reistar séu viðhlítandi skorður við slíku og réttaröryggi sé tryggt. Stefnandi hafi sniðgengið lögmat úrræði til kyrrsetningar freklega og kosið að ólögum að koma fram vilja sínum með gerræðislegum aðgerðum án allrar lagastoðar.

Fébótaábyrgð stefnda á þessu framferði geti vart verið vægari en hefði verið ef bankinn hefði kosið að leita kyrrsetningar eftir lögmatum leiðum. Ábyrgð bankans við þær aðstæður hefði verið hlutlæg en þeim sem óski kyrrsetningar beri að svara bótum án tillits til sakar. Vafalaust megi því heita að löglausar athafnir bankans baki honum bótaábyrgð.

Nánar um tjón og kröfugerð

Stöðvun stefnda á greiðslum til stefnanda hafi orsakað tjón sem teljist sennileg afleiðing stöðvunarinnar, sbr. fyrrgreinda umfjöllun um afleita ávöxtun fjármuna. Stefnandi eigi rétt til tjónsbóta sem miðist við þá vexti sem hann hefði ella getað áunnið sér. Í lögum nr. 38/2001 sé að finna lögákveðin viðmið sem horfa megi til við mat á þessu.

Aðalkrafa

Aðalkrafa stefnanda miðist við að hann eigi rétt til skaðabóta sem svari til þess að Klakki hefði greitt honum kröfur hans með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Þessar greiðslur hafi átt að fara fram 30. jan. 2015, 651.205.325 krónur, 1. apríl 2015, 94.471.699 krónur, 21. desember 2015, 19.027.099 krónur, 29. janúar 2016, 47.499.026 krónur, 18. mars 2016, 43.841.629 krónur, 15. apríl 2016, 13.602.799 krónur og 14. september 2016, 22.709.257 krónur. Að auki hefði stefnandi fengið greidda áfallna vexti sem hljóðuðu 31. desember 2014 upp á 50.423.478 krónur en 1. apríl 2015 upp á 57.249.363 krónur. Aðalkrafan reiknist af þessum fjárhæðum, þó þannig að engir dráttarvextir séu reiknaðir fyrr en 1. apríl 2015. Stefnandi hafi valið þann kostinn að leyfa stefnda að njóta þess við kröfugerðina að upplýsingar frá Klakka um ávöxtun vörslufjárins fram til þess dags séu um sumt ófullkomnar. Dráttarvextir séu síðan reiknaðir til 4. október 2016, þegar Klakki innti sína greiðslu af hendi, og frá þeirri fjárhæð sem fáið þannig út séu dregnir þeir vextir sem vörslufjárinneign stefnanda bar frá 1. apríl 2015 til 4. október 2016, eða 10.950.760 krónur.

Stefnandi byggir á því að rétt sé að miða við dráttarvexti í þessum efnun fremur en annan vaxtafót. Hæstiréttur hafi t.d. gefið í skyn í dómi 29. nóvember 2012 í máli nr. 158/2012 að dráttarvextir teljist „lögákveðnar meðalhófsbætur“ vegna fjármuna sem hafa verið kyrrsettir að ósekju. Dráttarvextir séu því hæfilegur mælikvarði lágmarkstjóns þegar laust fé er kyrrsett, nema unnt sé að sanna að frekari ávöxtun fjárins hafi tapast. Bótaréttur stefnanda geti vart talist rýrari. Hann eigi því rétt til þess að fá skaðabætur sem svari til þess að Klakki hefði greitt honum kröfur hans með dráttarvöxtum.

Varakrafa

Varakrafan miðist við allar sömu forsendur og aðalkrafan nema hvað áhrærir vaxtafót. Í stað dráttarvaxta miðist hún við að við móttöku fjármuna frá Klakka á gjalddaga hefði stefnandi að lágmarki ávaxtað þá með svokölluðum almennum útlánsvöxtum, eða vöxtum skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2001.

Þeir vextir séu mælikvarði á þá vexti sem unnt sé að fá með öruggustu útlánnum á hverjum tíma. Verði ekki fallist á aðalkröfuna sé gerð krafa um skaðabætur á þessum grundvelli.

Þrautavarakrafa

Þrautavarakrafan miðist við allar sömu forsendur og aðal- og varakrafan nema hvað áhrærir vaxtafót, en hann taki mið af skaðabótavöxtum, eða vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Þeir vextir séu mælikvarði á þá ávöxtun sem tjónþolar séu almennt taldir geta ávaxtað ógjaldfallnar tjónsbætur á. Verði ekki fallist á aðal- eða varakröfu stefnanda séu vandséð þau rök sem geti komið í veg fyrir að þrautavarakrafan nái fram að ganga.

„Neikvæður gengismunur“

Stefnandi tekur fram að hann líti svo á að tjónið sem hann varð fyrir vegna hins „neikvæða gengismunar“ sé alfarið á ábyrgð stefnda. Hefði stefndi ekki stöðvað greiðslurnar með ólögætum hætti og hefði málið ekki dregist úr hömlu í meðferð hans hefði enginn slíkur gengismunur getað stofnast á tímabilinu. Stefnda beri því skylda til að greiða stefnanda bætur án tillits til þessa gengismunar.

Það skuli hins vegar tekið fram að stefnandi líti svo á að Klakka hafi verið óheimilt að skipta vörslufjárneign hans í erlendar myntir. Hann hafi því höfðað mál gegn Klakka í því skyni að endurheimta hinn „neikvæða gengismun“. Seðlabanka Íslands sé stefnt til réttargæslu í því máli. Takist stefnanda að heimta „neikvæða gengismuninn“ muni hann lækka kröfur sínar á hendur stefnda sem honum nemi. Fjárhæð hins „neikvæða gengismunar“ sé hins vegar svo lág að hún megni ekki að fullnægja aðal- eða varakröfum stefnanda.

Dráttarvaxta í aðal- og varakröfu sé krafist frá 4. október 2016 en þá hafi stefndi viðurkennt að fyrirmælin um stöðvun greiðslna hefðu verið ólögæt og þann dag hafi stefnandi loksins fengið vörslufjáreign sína greidda. Hafi því legið fyrir allar upplýsingar sem máli gátu skipt. Um þetta sé vísað til laga nr. 38/2001.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til sakarreglunnar, meginreglna um bótaskyldu hins opinbera, lögætisreglu stjórnýslurættarins og almennra reglna hans, laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Kröfu um málskostnað styðji stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991.

III

Málsástæður stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína einkum á því að ekkert í máli þessu styðji að hann hafi bakað sér bótaábyrgð með einhverri slíkri háttsemi sem fullnægi almennum skilyrðum skaðabótareglunnar utan samninga, hvað varðar saknæmi, ólögæti, orsakatengsl og sennilega afleiðingu. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að nokkru tjóni sé til að dreifa. Sé kröfugerð og útreikningi stefnanda á ætluðu tjóni sínu mótmælt í heild sem órökstuddum, röngum og ósönnuðum.

Stefndi kveður mál þetta snúast um þá fullyrðingu stefnanda að félagið, eða í raun eigendur þess, hefðu getað hagnast meira af brotum sínum. Leiti stefnandi nú atbeina dómstóla til að sækja þá fjármuni úr hendi stefnda. Þeir hagsmunir sem stefnandi leiti viðurkenningar á séu samkvæmt málalíbúnaði og gögnum hans hagsmunir erlenda félagsins. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hagnaður af ráðstöfunum sem fyrir liggur að brotið hafa í bága við ákvæði laga séu hagsmunir sem hvorki sé rétt né eðlilegt að vernda. Ætlað tjón stefnanda sé því ekki tjón sem notið geti réttarverndar skaðabótareglna. Þá leiki vafi á um hvort sakarefni málsins eigi yfir höfuð undir lögsögu dómstóla. Um það vísar stefndi til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 355/2009.

Stefndi leggur áherslu á að brotið hafi verið gegn ákvæðum gjaldeyrislaga með framsali nauðasamningskrafna Klakka ehf. til stefnanda. Sú niðurstaða hafi verið staðfest bæði í héraðsdómi og í Hæstarétti í máli nr. 638/2017. Jafnvel þó að sekt í tilefni af þeim brotum hafi verið felld niður með dómi héraðsdóms, sem staðfestur var af Hæstarétti, feli sú niðurstaða ekki í sér að stefndi hafi gerst sekur um háttsemi sem skapi bótaskyldu gagnvart stefnanda. Til þess þurfi öll skilyrði hinnar almennu sakarreglu að vera uppfyllt, þ.e. að sýnt sé að tjóni hafi verið valdið með saknæmum og ólögætum hætti og

orsakatengsl hafi verið á milli hinnar saknæmu háttsemi og tjónsins. Framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt í þessu máli, en stefndi hafi hvorki sýnt af sér saknæma né ólögmeða háttsemi. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Afskipti stefnda af brotum stefnanda

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 638/2017 hafi stefnandi brotið gegn ákvæðum gjaldeyrislaga með viðskiptunum við Basway Corp. og framsali nauðasamningskrafanna. Samkvæmt forsendum héraðsdóms í málinu hafi niðurstaða um að fella niður sekt m.a. verið reist á þeim kostnaði og því óhagræði sem meðferð málsins og dómsmálsins hafi haft í för með sér fyrir stefnanda, en að því athuguðu og með hliðsjón af atvikum málsins hafi einnig þótt rétt að hvor aðili bæri sinn kostnað af málinu. Stefnandi hafi fengið sektarfjárhæðina endurgreidda úr ríkissjóði með vöxtum.

Stefndi hafnar því að afskipti hans af stefnanda í kjölfar brota hans á lögum nr. 87/1992 hafi verið tilefnislaus. Um lögmeðar aðgerðir hafi verið að ræða. Stefnandi bendir á að hann sé stofnun með lögbundið hlutverk og skyldur, sem beri skylda til þess að bregðast við ef tilefni er til. Rannsókn og málsmeðferð stefnda hafi byggst á lögbundnum skyldum bankans til að hafa eftirlit með og framfylgja ákvæðum gjaldeyrislaga. Málsmeðferð hafi verið í samræmi við ákvæði laganna og ákvæði stjórnvæðingalaga nr. 37/1993. Því sé fráleitt að uppfyllt séu skilyrði sakarreglunnar um ólögmeði og saknæmi.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001 beri stefnda að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum og stuðla að fjármálastöðugleika. Samkvæmt lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál beri stefnda að hafa eftirlit með því að farið sé að lögunum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið á grundvelli þeirra. Fjármagnshöft samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1992, og reglum settum á grundvelli þeirra, hafi verið lögð á í kjölfar efnahagsbruns til að stuðla að stöðugleika í gengis- og peningamálum og til að vernda almenna hagsmuni. Að baki lagaákvæðum sem takmarka fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti búi mikilsverðir almannahagsmunir. Þær takmarkanir hafi verið taldar falla innan þess svigrúms sem löggjafanum er eftirlátið að því er varðar takmarkanir á meðferð og ráðstöfun eignarréttinda, með tilliti til bæði 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, og standast skuldbindingar Íslands samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Með lögum nr. 134/2008 um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og síðari breytingum hafi löggjafinn lagt grundvöll að efnisreglum sem takmörkuðu eða stöðvuðu tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti þeim tengd, sem og það hvernig ætti að fylgja þeim eftir með málsmeðferð, viðurlögum og eftir atvikum refsingum vegna ætlaðra brota á reglunum. Þær reglur hafi miðað við að koma í veg fyrir ótímabæra losun innlendra og erlendra aðila á krónustöðum sínum. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 134/2008 kom fram að stjórnþæki þyrftu að vera fyrir hendi til að framfylgja ákvæðum laganna, m.a. þeim takmörkunum sem lagt var til að Seðlabankinn hefði heimild til að setja um tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti þeim tengd. Ella gætu aðilar virt slíkar takmarkanir að vettugi án viðurlaga og heimildin hefði ekki tilætluð áhrif. Hafi ákvæði frumvarpsins um stjórnvaldssektir verið sambærileg viðurlagaákvæðum laga á fjármálamarkaði og í samræmi við ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum.

Samkvæmt því hafi stefnda ekki aðeins verið heimilt, heldur beinlínis skylt, að sinna eftirliti með framfylgd fjármagnshaftanna og taka til rannsóknar meint brot gegn ákvæðum laganna. Á grundvelli þeirrar skyldu hafi stefndi tekið brot stefnanda til rannsóknar, sem og það hvort í útgreiðslum Klakka ehf. á grundvelli ólögmeðra framsala fælist sjálfstætt brot gegn ákvæðum laganna.

Engin stoð sé fyrir þeim málartilbúnaði stefnanda að í samskiptum stefnda við Klakka ehf. hafi falist stjórnvaldsákvörðun um stöðvun greiðslna sem jafna megi til kyrrsetningar, hvað þá að borið hefði að tilkynna stefnanda um þau samskipti eða að veita andmælarétt. Þá hafnar stefndi alfarið þeirri fullyrðingu stefnanda að sú niðurstaða stefnda að fella niður mál Klakka ehf. hafi með einhverjum hætti falið í sér viðurkenningu á því að ólögmeðt hafi verið að taka mál Klakka ehf. til meðferðar. Stefnandi bendir á að ákvörðun stjórnvalds um að taka mál til rannsóknar teljist ekki stjórnvaldsákvörðun og eigi málsaðilar því ekki andmælarétt um slíka ákvörðun. Þá séu ákvarðanir um framkvæmd almenns eftirlits með lögum almennt ekki taldar stjórnvaldsákvörðanir. Stefnandi hafi tekið viðskipti stefnanda til skoðunar og tilkynnt

stefnanda formlega um það í samræmi við ákvæði 14. gr. stjórnsýslulaga, auk þess sem rannsókn og meðferð málsins hafi verið hagað að fullu í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, m.a. um andmælarétt.

Stefndi kveðst skilja málatilbúnað stefnanda svo að byggt sé á því að ætluð ólögmat og saknæm háttsemi hans felist í því að hafa gefið Klakka ehf. „afdráttarlaus fyrirmæli“ um að stöðva allar greiðslur til stefnanda og að stefndi hafi síðar viðurkennt ólögmat þeirra fyrirmæla. Þessum málatilbúnaði kveðst stefndi hafna með öllu. Klakka ehf. hafi verið leiðbeint um afstöðu bankans til háttsemi stefnanda þegar eftir því var leitað. Í svörum stefnda hafi komið fram sú afstaða bankans að framsal nauðasamningskrafna væri óheimilt og að stefnandi gæti því ekki byggt rétt á slíku framsali. Er stefndi svaraði fyrirspurn Klakka ehf. þann 10. mars 2015 hafi hann þegar verið búinn að tilkynna stefnanda þá niðurstöðu rannsóknar máls hans að um brot á takmörkunum gjaldeyrislaga hefði verið að ræða og leiðbeint um andmælarétt, en auk þess hefði stefnanda verið tilkynnt ríflega mánuði fyrr, eða 2. febrúar 2015, að ákveðið hefði verið að taka ætluð brot hans til rannsóknar. Stefndi bendir auk þess á 12. gr. láns samninga stefnanda og móðurfélagsins þar sem fram kemur að ef yfirvöld teldu einhver ákvæði samningsins ólögleg, þá skyldi það ákvæði falla niður.

Þegar máli stefnanda var lokið með stjórnvaldsákvörðun hafi verið ljóst að hið ólögmeta framsal nauðasamningskrafna gengi ekki til baka, eins og gert hafði verið að skilyrði í sáttaboði stefnda (en þó að undanskildum þeim kröfum sem þegar hafði verið greitt af). Á þeim tíma hafi ekki verið lögfestar heimildir stefnda til að krefjast þess að viðlögðum dagsektum að látið yrði af ólögmatrí háttsemi eða að ráðstafanir andstæðar ákvæðum gjaldeyrislaga yrðu leiðréttar, en slík úrræði hafi fyrst verið lögfest eftir að málið var tekið til rannsóknar. Hafi málinu því lokið af hálfu stefnda með því að stefnanda var gerð stjórnvaldssekt fyrir brot sín. Það að stefndi hafi ekki á þeim tíma haft fullnægjandi lagagrundvöll til að krefjast þess að gerningar sem brutu í bága við lög nr. 87/1992 gengju til baka, og það að niðurstaða Hæstaréttar í málinu nr. 638/2017 hafi verið sú að ekki væri ástæða til að gera stefnanda sérstaka sekt fyrir brot sín, jafngildi því ekki að stefndi hafi ekki haft lögmeta og réttmeta ástæðu til að taka brot stefnanda til rannsóknar. Sú afstaða stefnda frá upphafi að um brot gæti verið að ræða hafi verið rétt, eins og bæði héraðsdómur og Hæstiréttur hafi staðfest í málinu nr. 638/2017. Hið sama eigi við um þá ákvörðun stefnda að taka til athugunar hvort greiðslur Klakka ehf. á grundvelli framsalanna brytu í bága við ákvæði gjaldeyrislaga, en ekkert liggi fyrir um að sú ákvörðun hafi verið tilefnislaus.

Stefndi hafnar staðhæfingu stefnanda um að óhóflegur dráttur hafi orðið á málsmeðferð hans, og vísar um það til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, dags. 7. apríl 2016, í kjölfar kvörtunar stefnanda yfir töfum á rannsókn stefnda. Í bréfi umboðsmanns komi fram að töluverð samskipti hafi átt sér stað á milli stefnanda og stefnda allt frá því að tilkynnt var um upphaf rannsóknar í febrúar 2015 og þar til stefndi sendi stefnanda sáttaboð í mars 2016. Með hliðsjón af farvegi málsins hafi umboðsmaður ekki talið ástæðu til að bregðast frekar við kvörtun stefnanda og bent jafnframt á að fyrirspurnum stefnanda um framgang málsins hefði jafnan verið svarað, auk þess sem stefndi hefði einnig tilkynnt að eigin frumkvæði um frekari tafir á meðferð málsins. Tekið hafi verið tillit til þess í niðurstöðu Hæstaréttar í málinu nr. 638/2017 að meðferð málsins hefði tekið 17 mánuði, en dráttur á málsmeðferð veiti hins vegar stefnanda ekki sjálfstæðan rétt til bóta.

Viðskipti stefnanda – eigin áhættutaka – sönnun tjóns

Stefndi byggir á því að ætlað tjón stefnanda sé vanreifað, engum gögnum stutt og með öllu ósannað. Þar sem því ófrávikjanlega skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt sakarreglunni að sýnt sé fram á tjón, skerðingu eða eyðileggingu raunverulegra hagsmuna sé ekki fullnægt beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Engin stoð sé fyrir þeim fjarstæðukennda málatilbúnaði stefnanda að jafna megi afskiptum stefnda af brotum hans til kyrrsetningar fjármuna, sbr. lög nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Tekin hafi verið ákvörðun um að kaupa nauðasamningskröfur af erlendum kröfuhöfum Klakka ehf. og framselja þær til stefnanda, þrátt fyrir að starfsmaður stefnda hefði þegar í júlí 2014 varað við því að framsöl slíkra krafna á milli innlendra og erlendra aðila væru óheimil samkvæmt ákvæðum gjaldeyrislaga og að málið kynni að verða tekið til rannsóknar. Þá hafi stefndi ítrekað hvatt Klakka ehf. til

varkárni varðandi greiðslur í kjölfar slíkra framsala þar sem framsal slíkra krafna frá erlendum aðila til innlends aðila væri óheimilt samkvæmt ákvæðum gjaldeyrislaga, án sérstakrar undanþágu stefnda.

Stefnanda hafi því mátt vera að fullu ljóst að í það minnsta léki vafi á því hvort framsal nauðasamningskrafnanna með þessum hætti væri lögmeitt. Þrátt fyrir það hafi stefnandi hvorki leitað eftir afstöðu eða leiðbeiningum stefnda þar um, né óskað eftir undanþágu frá þeim takmörkunum sem um ræðir, eins og honum hafi verið fært áður en hann fékk framseldan frá móðurfélagi sínu hluta af þeim kröfum sem móðurfélagið hafði keypt af öðrum erlendum kröfuhöfum. Samkvæmt almennum reglum sé tjónþola skylt að leitast við að takmarka tjón sitt og sinni hann ekki þeirri skyldu geti hann ekki fengið bætur fyrir það tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Sú skylda sé lögð á borgarana að haga sér með þeim hætti að þeir verði ekki fyrir óþarfa tjóni við að staðreyna réttarstöðu sína. Vísar stefndi um það til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 442/1993.

Þær aðstæður hafi skapast í kjölfar breytinga á gjaldeyrislögum árið 2012 að erlendir kröfuhafar Klakka ehf. voru reiðubúnir að losa um fjárréttindi sín á verulegum afslætti. Móðurfélag stefnanda, aflandsfélagið Basway Corp., hafi nýtt sér þessar aðstæður og keypt á ríflega árstímabili slíkar kröfur af erlendum kröfuhöfum og framselt að mestum hlut til stefnanda, í þeim tilgangi að láta reyna á hvort sniðganga mætti takmarkanir laga nr. 87/1992 með lánatilhögun aðila. Leiða megi að því líkum að brot stefnanda hafi þegar skilað þessum aðilum umtalsverðum hagnaði. Skorar stefndi í greinargerð sinni á stefnanda að leggja fram gögn sem sýni fram á kaupverð nauðasamningskrafnanna sem síðar voru framseldar til stefnanda og yfirlit um allar greiðslur Klakka ehf. til stefnanda á grundvelli þeirra nauðasamningskrafna. Verði stefnandi ekki við þeirri áskorun muni stefndi, fara fram á það við dómara, á grundvelli 68. gr. laga nr. 91/1991, að sú vanræksla verði skýrð svo að stefnandi staðfesti að hagnaður af brotum stefnanda sé langt umfram stefnufjárhæðir í þessu máli.

Stefndi byggir á því að hvað þetta varði verði að horfa heildstætt á viðskipti móðurfélagsins og stefnanda, en ekki einungis vænta ávöxtun fjármuna í ákveðinn afmarkaðan tíma. Sé hvað það varði auk þess skorað á stefnanda að upplýsa um endanlega eigendur Basway Corp. og þar með þá aðila sem endanlega muni njóta ávinnings af brotum stefnanda. Bent sé á að samkvæmt tilkynningu Basway Corp. um nýfjárfestingu í öllu hlutafé í stefnanda sé Sigurður Valtýsson, fyrirsvarsmaður stefnanda, tilgreindur tengiliður Basway Corp. Verði stefnandi ekki við þeirri áskorun að upplýsa með fullnægjandi hætti um það hverjir endanlegir eigendur félagsins séu þá muni stefndi fara fram á það við dómara, með vísan til 68. gr. laga nr. 91/1991, að sú vanræksla verði skýrð svo að stefnandi staðfesti að Sigurður Valtýsson sé endanlegur eigandi og njóti sem slíkur alls ávinnings af brotum stefnanda.

Kröfuréttindi samkvæmt nauðasamningi Klakka ehf., samtals að nafnvirði 4.730.585.141 króna, hafi verið framseld til stefnanda frá Basway Corp. Hafi kröfurnar verið hluti af þremur lánssamningum á milli þessara aðila. Samkvæmt lánssamningunum skuli stefnandi greiða móðurfélaginu lánið 1. júní 2024 með því að afhenda því sömu eða sambærileg fjárréttindi í Klakka ehf. og hann fékk lánuð, þar með talið, án takmörkunar, öll réttindi tilheyrandi þeim fjárréttindum. Stefndi kveðst telja ljóst af tilhögun stefnanda og erlenda móðurfélagsins á framsali nauðasamningskrafnanna á grundvelli lánssamninganna að stefnandi beri enga fjárhagslega áhættu af eignarhaldi nauðasamningskrafnanna og ljóst að ekkert tjón hafi né muni myndast hjá stefnanda. Þetta staðfesti stefnandi í raun í stefnu þar sem segi að „endanlegur kostnaður stefnanda af láninu [sé] því óviss“. Stefndi eigi því enga lögvarða hagsmuni af úrlausn um kröfur sínar og komi til skoðunar hvort vísa beri málinu frá dómi skv. 26. gr. laga nr. 91/1991, en að öðrum kosti beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Í málinu geri stefnandi þær kröfur að hann fái greidda fjárhæð sem svarar til vaxta á þá fjármuni sem Klakki ehf. millifærði á vörslureikning samkvæmt ákvæðum nauðasamningsins, aðallega dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, til vara almennra vaxta skv. 1. mgr. 4. gr. sömu laga en til þrautavara skaðabótavaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laganna. Stefndi kveðst hafna alfarið málantilbúnaði stefnanda og kröfugerð sem rangri og ósannaðri. Útilokað sé að líta svo á að samið hafi verið fyrirfram um gjalddaga eða að greiðslukrafa stefnanda hafi verið sett fram með réttu, eins og áskilið sé í 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Standi engin lög til þess að miða fjárhæð bóta við dráttarvexti, almenna vexti eða skaðabótavexti, eins og stefnandi byggir á. Stefndi kveðst ekki fallast á að athugasemd í dómi

Hæstaréttar í málinu nr. 158/2012, sem stefnandi vísi til, styðji kröfur hans, en þar hafi einmitt sagt að dráttarvextir væru „lögákveðnar meðalhófsbætur vegna vanefnda á greiðslu skuldar“ en ekki, eins og stefnandi haldi ranglega fram í stefnu, „vegna fjármuna sem hafa verið kyrrsettir að ósekju“.

Ekkert liggi fyrir í málinu um annað en að meðferð og ávöxtun þessara fjármuna á vörslureikningi Klakka ehf. hafi verið fullkomlega eðlileg og ásættanleg og auk þess í fullu samræmi við nauðasamning Klakka ehf. sem kröfuhafar félagsins hafi samþykkt og verið bundnir af, þ.m.t. stefnandi og móðurfélag hans. Ekkert liggi heldur fyrir um að stefnandi hafi gert athugasemdir við meðferð eða ráðstafanir Klakka ehf. á fjármununum á þeim tíma sem hann heldur fram að ávöxtun og meðferð þeirra hafi verið óviðunandi. Hefði stefnandi þó verið það í lófa lagið og með því hefði hann getað takmarkað eða komið í veg fyrir ætlað tjón sitt.

Kröfugerð stefnanda hvað þetta varðar sé vanreifuð með öllu, m.a. hvað varði sundurliðun greiðslu Klakka ehf. og hvenær sú ávöxtun sem greidd var í október 2016 að fjárhæð 68.201.128 krónur féll til. Í gögnum málsins komi fram að hlutdeild stefnanda í áföllnum vöxtum hafi á tímabilinu frá 1. apríl 2015 til 4. október 2016 verið 101.328.300 krónur en greidd ávöxtun 68.201.128 krónur. Í stefnu sé því hins vegar haldið fram að fjárhæð vaxta á þessu tímabili hafi numið 10.950.765 krónum. Þá liggi ekkert fyrir um hvernig svokallaður „neikvæður gengismunur“ stefnanda sé reiknaður, hvenær fjárhæðir í erlendum myntum féllu til, við hvaða gengi stefnandi miðar o.s.frv. Í gögnum málsins komi fram að greiðsla Klakka ehf. til stefnanda hafi bæði verið í íslenskum krónum og erlendum myntum. Ekkert liggi fyrir um það hvort eða hvenær stefnandi hafi skipt þeim erlendum myntum í íslenskar krónur þannig að svokallaður „neikvæður gengismunur“ hafi raungerst.

Með vísan til alls framangreinds sé ljóst að engin grundvöllur sé fyrir málatilbúnaði stefnanda á hendur stefnda og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum hans.

Varakrafa

Varakrafa stefnda um stórkostlega lækkun stefnukrafna byggist á sömu málsástæðum og aðalkrafa. Einkum sé byggt á því að stefnandi hafi tekið ákvörðun um fyrirkomulag umræddra viðskipta, kaup aflandsfélagsins á nauðasamningskröfum af aðþrengdum erlendum kröfuhöfum sem tilbúnir voru til að selja þær kröfur á miklum afslætti, og því hafi gríðarleg hagnaðarvon verið í því fólgin að láta reyna á framsal þeirra til stefnanda í bága við takmarkanir gjalddeyrislaga. Þetta hafi stefnandi gert þrátt fyrir að stefndi hafi upplýst stjórnarmann í félaginu sérstaklega um það að slík framsöl væru óheimil og varað sérstaklega við því að viðskiptin kynnu að verða tekin til rannsóknar, auk þess sem Klakka ehf. hafi ítrekað verið bent á að slík framsöl á milli innlendra og erlendra kröfuhafa væru óheimil án sérstakrar undanþágu frá Seðlabankanum.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé mótmælt og þess krafist að dráttavextir falli í fyrsta lagi á kröfuna við dómsuppsögu, verði hún á annað borð tekin til greina, enda engin lagaskilyrði til að reikna dráttarvexti frá fyrri tíma.

Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga um meðferð einkamála, einkum 129. gr. og 130. gr. laganna. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggist á lögum nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

Í greinargerð skoraði stefndi á stefnanda að leggja fram gögn um kaup Basway á nauðasamningskröfum Klakka, sem staðfesti kaupverð á þeim kröfum. Þá var skorað á stefnanda að leggja fram gögn um eignarhald (endanlega eigendur) Basway. Stefndi varð ekki við þeirri áskorun.

Með bókun, sem lögð var fram í þinghaldi 10. september 2019, fór stefndi fram á það, með vísan til 67. og 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að dómurinn skýrði synjun stefnanda svo að hann samþykkti að hagnaður af brotum hans hefði verið umtalsverður og langt umfram þau viðmið sem stefnandi haldi fram í yrtustu kröfum sínum í aðalkröfu að sé „viðunandi ávöxtun“. Þá var frekari áskorunum beint til stefnanda um gagnaframlagningu, nánar tiltekið að gögn yrðu lögð fram til staðfestingar því að stefnandi væri enn eigandi nauðasamningskrafna á hendur Klakka og gögn er sýndu hvert söluverð nauðasamningskrafna hans hefði verið og aðra skilmála þeirra kaupa. Yrði stefnandi ekki við þeirri áskorun var farið fram á að dómurinn legði til grundvallar að stefnandi hefði þegar selt nauðasamningskröfur sínar og fengið allar kröfur sínar á hendur Klakka, þ.m.t. þær kröfur sem hann gerði í þessu máli, greiddar með kaupverði nauðasamningskrafna, sbr. 67. og 68. gr. laga nr. 91/1991. Í tilefni

af þeirri bókun óskaði stefndi bókað í þingbók að kaup og söluverð á Klakka væri án þýðingar við úrlausn þessa máls og varðaði í engu kröfugrundvöllinn.

IV

Niðurstaða

Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 638/2017 var því slegið föstu að umræddir lánssamningar milli Basway og stefnanda hefðu falið í sér fjármagnshreyfingar milli landa sem farið hefðu í bága við 13. gr. b og 13. gr. g í lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Af ástæðum sem nánar eru tilgreindar í þeim dómi var sú stjórnvaldssekt sem stefndi hafði lagt á stefnanda engu að síður felld niður.

Þótt lögbrot stefnanda hafi verið staðfest með nefndum dómi Hæstaréttar verður ekki á það fallist með stefnda að sakarefni málsins sé þannig vaxið að það eigi ekki undir dómstóla, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Eru því ekki efni til þess að vísa málinu frá dómi, án kröfu, af þeim sökum. Ekki eru heldur efni til að vísa málinu frá dómi, án kröfu, með vísan til 1. mgr. 26. gr. sömu laga.

Stefndi byggir sýknukröfu sína meðal annars á aðildarskorti til sóknar, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991, þar sem þeir hagsmunir sem liggja til grundvallar dómkröfu stefnanda séu í raun hagsmunir hins erlenda móðurfélags þess, Basway. Þeirri málsástæðu verður að hafna, enda bera gögn málsins það með sér að þær greiðslur sem haldið var eftir af hálfu Klakka, og eru grundvöllur þeirrar skaðabótakröfu sem hér er höfð uppi, voru greiðslur sem tilheyrðu stefnanda og voru að endingu greiddar honum.

Skaðabótakrafa stefnanda styðst við almennar reglur skaðabótaréttar, einkum. sakarregluna og regluna um vinnuveitendaábyrgð. Til þess að stefnandi geti átt rétt til skaðabóta úr hendi stefnda þarf hann að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna stefnda og að það tjón teljist sennileg afleiðing af þeirri háttsemi.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi um langt skeið og með ólögmætum og saknæmum hætti „stöðvað“ greiðslur Klakka til hans en að endingu „viðurkennt villur síns vegar“ með bréfi, dags. 28. september 2016. Hafi sú háttsemi valdið stefnanda því tjóni sem hann krefst bóta fyrir og felst í mismun á þeim vöxtum sem hann telur að hann hafi átt rétt á og þeirri „afleitu“ ávöxtun sem hann fékk þegar Klakki innti loks hinar geymdu nauðasamningsgreiðslur af hendi 4. október 2016.

Það er grundvallarskilyrði skaðabótaréttar samkvæmt sakarreglunni að tjóni hafi verið valdið með ólögmætri og saknæmri háttsemi ætlaðs tjónvalds. Ljóst er að það var Klakki, en ekki stefndi, sem tók ákvörðun um að halda eftir nauðasamningsgreiðslum til stefnanda í lok janúar 2015, enda var það í höndum Klakka, en ekki stefnda, að taka slíka ákvörðun. Eins og málið liggur fyrir verður að hafna öllum málsástæðum stefnanda sem lúta að því að stefndi hafi bannað eða „stöðvað greiðslur“ eða gefið Klakka „afdráttarlaus fyrirumli“ um að stöðva allar greiðslur til stefnanda „í krafti opinbers valds“, að því leyti sem sá máláttilbúnaður verður skilinn bókstaflega. Af því leiðir að einnig verður að hafna málsástæðum sem lúta að því að stefndi hafi engar lagaheimildir haft til að stöðva greiðslur Klakka til stefnanda, að hann hafi sniðgengið reglur um kyrrsetningu, sbr. lög nr. 31/1990, og að hann hafi sniðgengið ákvæði 13., 14. og 20. gr. stjórnisýslulaga, varðandi „ákvörðun“ bankans um að „stöðva greiðslurnar“, enda var engin ákvörðun tekin af hálfu stefnda um að kyrrsetja fé eða stöðva greiðslur. Tilvísun stefnanda við munnlegan málflutning til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2874/2016, þar sem vísað var til þeirrar meginreglu að enginn geti komið sér hjá því að hlýða „yfirvaldsboði“ í bráð, til stuðnings því að Klakka hafi verið ókleift að inna af hendi greiðslu til stefnanda, hagar þessu ekki.

Sé máláttilbúnaður stefnanda ekki skilinn svo bókstaflega felst þó í honum staðhæfing um að tilteknar athafnir og yfirlýsingar stefnda hafi leitt til þess að Klakka varð í reynd annað óhjákvæmilegt en að stöðva greiðslur til stefnanda, og að í þeim athöfnum og yfirlýsingum stefnda felist saknæmt og ólögmætt athæfi af hans hálfu sem standi í orsakatengslum við ákvörðun Klakka um að stöðva greiðslur og að sú ákvörðun teljist sennileg afleiðing af háttsemi stefnda.

Í stefnu er í þessu sambandi í fyrsta lagi vísað til tölvubréfs stefnda til Klakka 28. janúar 2015, þar sem Klakka hafi verið „hótað rannsókn“. Efni þess tölvubréfs er rakið í kafla I hér að framan. Ekki hafa verið færð viðhlítandi rök fyrir því að í bréfinu felist ólögmæt og saknæm háttsemi af hálfu stefnda,

þótt varað hafi verið við því að bankinn kynni í krafti eftirlitshlutverks síns að taka greiðslur Klakka til stefnanda til rannsóknar.

Í öðru lagi er í stefnu vísað til bréfs stefnda til Klakka, dags. 5. mars s.á, en þar er um misritun að ræða og kom fram við munnlegan málflutning að átt er við svarbréf stefnda, dags. 10. mars 2015, við beiðni Klakka um leiðbeiningar með bréfi frá 5. mars s.á. Byggir stefnandi á því að í því bréfi hafi stefndi lýst þeirri afstöðu að framsölin frá Basway til stefnanda væru ógild og að Basway teldist enn „réttmætur eigandi“ réttindanna. Greiðslur Klakka til stefnanda væru því andstæðar lögum nr. 87/1992. Byggir stefnandi á því að stefndi hafi horfið frá þessari afstöðu með bréfi, dags. 28. september 2016.

Þeir hlutar bréfa stefnda til Klakka frá 10. mars 2015 og 28. september 26. september sem stefnandi vísar sérstaklega til eru raktir orðrétt í kafla I hér að framan. Fallist er á það með stefnanda að af bréfum þessum megi sjá að afstaða stefnda til þess hvort hann teldi Klakka heimilt að inna af hendi umræddar nauðasamningsgreiðslur til stefnanda hafi breyst er síðara bréfið var ritað. Verður ekki annað séð en að breytt afstaða stefnda hljóti að helgast af því að skilningur hans á málinu eða lagatúlkun hans hafi breyst á meðan á rekstri stjórnáskilumálanna gagnvart stefnanda og Klakka stóð.

Í dómaframkvæmd um skaðabótaskyldu stjórnvalda vegna athafna og ákvarðana í stjórnáskilumálum hefur verið við það miðað að þótt lagatúlkun stjórnvalds reynist ekki rétt, og skilyrði um ólögsmæti teljist þar með uppfyllt, leiði það ekki sjálfkrafa til bótaskyldu, heldur verður skilyrðið um saknæmi starfsmanna stjórnvalds jafnframt að vera uppfyllt. Um það má til hliðsjónar vísa til dóma Hæstaréttar Íslands frá 4. maí 2016 í máli nr. 585/2015 og frá 19. október 2017 í máli nr. 684/2016.

Stefnandi hefur ekki fært fyrir því viðhlítandi rök að starfsmenn stefnda hafi, með því að breyta afstöðu sinni til heimildar Klakka til þess að inna umræddar greiðslur af hendi, eins og framangreind bréf sýna, eða með öðrum hætti, sýnt af sér saknæma háttsemi. Enga stoð er fyrir því að finna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 638/2017 eða í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2874/2016. Ekki verður annað séð en að stefndi hafi virt málsmeðferðarreglur stjórnáskilulaga við meðferð máls stefnanda. Þá verður ekki annað séð en að stefndi hafi leitast við að svara fyrirspurnum sem til hans var beint á grundvelli 7. gr. stjórnáskilulaga, t.d. frá Klakka, ítarlega, tímanlega og með rökstuddum hætti.

Þegar af þeirri ástæðu að á það skortir að skilyrði sakarreglunnar um saknæmi teljist uppfyllt verður að sýkna stefnda af skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu. Reynir þá ekki á það hvort önnur skilyrði sakarreglunnar, svo sem um ólögsmæti, orsakatengsl og sennilega afleiðingu, teljast uppfyllt og ekki gerist þörf á að svara öðrum málsástæðum aðila sem hafðar eru uppi um þau skilyrði eða aðra þætti málsins.

Samkvæmt öllu framanrituðu verður stefndi sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af málsúrslitum, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 91/1991, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts, í ljósi þess að stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili. Við ákvörðun málskostnaðar er einnig tekið tillit til málskostnaðarákvörðunar í máli nr. E-132/2019 sem rekið var og dæmt samhliða máli þessu.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan, að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Dómari og lögmenn aðila voru sammála um að ekki væri þörf á endurflutningi málsins þótt dómsuppsaga drægist fram yfir lögbundinn frest.

Dómsorð:

Stefndi, Seðlabanki Íslands, er sýkn af öllum dómkröfum stefnanda, Rasks ehf., í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda 750.000 krónur í málskostnað.